

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2006/40/EB

2021/EES/55/01

frá 17. maí 2006

um losun frá loftjöfnunarkerfum í vélknúnum ökutækjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 14. mars 2006,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Innri markaðurinn myndar svæði án landamæra þar sem tryggja verður frjálsa vöruflutninga, frjálsa för fólks, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga og í þeim tilgangi er gerðarviðurkenningarkerfi Bandalagsins fyrir vélknúna ökutæki til staðar. Samræma ætti tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja með tilliti til loftjöfnunarkerfa til að koma í veg fyrir að samþykktar verði mismunandi kröfur í aðildarríkjunum og til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins.
- 2) Sífelld fleiri aðildarríki hyggjast setja reglur um notkun loftjöfnunarkerfa í vélknúnum ökutækjum sökum ákvörðunar ráðsins 2002/358/EB frá 25. apríl 2002 um samþykkt Kýótóbókunarinnar, fyrir hönd Evrópubandalagsins, við rammisamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og um sameiginlega uppfyllingu tilheyrandi skuldbindinga ⁽³⁾. Með ákvörðuninni skuldbindur Bandalagið og aðildarríki þess sig til að draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum,

sem tilgreindar eru í viðauka A við Kýótóbókunina, um 8% á árunum 2008–2012 miðað við gildi ársins 1990. Ósamræmd framkvæmd þeirra skuldbindinga hefur í för með sér hættu á að hindranir verði settar á frjálsa flutninga á vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu. Því þykir rétt að mæla fyrir um kröfur, sem á að uppfylla fyrir loftjöfnunarkerfi sem eru sett upp í ökutækjum, svo þau séu leyfileg á markaðnum og að banna frá og með tilteknum degi loftjöfnunarkerfi sem eru hönnuð fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hærri hnatthlýnunararmátt en 150.

- 3) Losun vetnisflúorókölefnis-134a (HFC-134a), sem hefur hnatthlýnunararmáttinn 1300, frá loftjöfnunarkerfum vélknúinna ökutækja veldur sífelld meiri áhyggjum sökum áhrifa hennar á loftslagsbreytingar. Vænst er að kostnaðarhagkvæmir kostir og öruggir staðgöngukostir fyrir vetnisflúorókölefnis-134a (HFC-134a) standi til boða í náinni framtíð. Á grundvelli framfara, sem miða að því að hamla losun á eða að skipta út flúoruðum gróðurhúsalofttegundum í slíkum kerfum, ætti að endurskoða hvort víkka ætti gildissvið þessarar tilskipunar svo það taki til annarra flokka vélknúinna ökutækja og hvort breyta ætti ákvæðum varðandi hnatthlýnunararmátt þessara lofttegunda, með tilliti til þróunar á sviði tækni og vísinda og þeirrar nauðsynjar að virða tímamörk áætlana á sviði iðnaðarframleiðslu.
- 4) Til að tryggja skilvirkt bann við notkun tiltekinna flúoraðra gróðurhúsalofttegunda er nauðsynlegt að takmarka möguleikann á því að loftjöfnunarkerfi, sem eru hönnuð fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hærri hnatthlýnunararmátt en 150, séu sett upp í ökutækjum sem endurbótarhlutir og að banna að loftjöfnunarkerfi séu fyllt með slíkum lofttegundum.
- 5) Í því skyni að takmarka losun tiltekinna flúoraðra gróðurhúsalofttegunda frá loftjöfnunarkerfum í vélknúnum ökutækjum er nauðsynlegt að setja viðmiðunarmörk fyrir lekhraða og ákvarða prófunaraðferð til að meta leka frá loftjöfnunarkerfum, sem eru hönnuð fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hærri hnatthlýnunararmátt en 150, sem eru sett upp í vélknúnum ökutækjum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjút. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 12. Hendar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2016 frá 8. desember 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 29.3.2007, bls. 9.

⁽¹⁾ Stjút. ESB C 108, 30.4. 2004, bls. 62.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 31. mars 2004 (Stjút. ESB C 103 E, 29.4.2004, bls. 600), sameiginleg afstaða ráðsins frá 21. júní 2005 (Stjút. ESB C 183 E, 26.7.2005, bls. 17) og afstaða Evrópuþingsins frá 26. október 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum). Lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 6. apríl 2006 og ákvörðun ráðsins frá 25. apríl 2006.

⁽³⁾ Stjút. EB L 130, 15.5. 2002, bls. 1.

- 6) Til að stuðla að því að staðið verði við skuldbindingar Bandalagsins og aðildarríkja þess, samkvæmt ramma-samningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, Kýótóbókuninni og ákvörðun 2002/358/EB, ætti að samþykka reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tiltekna, flúoraðar gróðurhúsalofttegundir ⁽¹⁾ og þessa tilskipun, sem báðar stuðla að því að draga úr losun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, og ættu þær að birtast samtímis í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 7) Allir framleiðendur ökutækja ættu að veita viðurkenn-ingaryfirvaldinu aðgang að hvers konar viðeigandi tækniupplýsingum að því er varðar uppsett loftjöfnunarkerfi og lofttegundirnar sem eru notaðar í þeim. Í tilviki loftjöfnunarkerfa, sem eru hönnuð fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hærri hnatthlúnunarmátt en 150, ætti framleiðandinn einnig að veita aðgang að upplýsingum um lekahraða frá þessum kerfum.
- 8) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun ætti að samþykka í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽²⁾.
- 9) Þessi tilskipun er ein sértilskipananna sem falla undir EB-gerðarviðurkenningsaðferðina sem ákvörðuð var með tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽³⁾. Af þessum sökum ætti að breyta tilskipun 70/156/EBE til samræmis við það.
- 10) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, ef þau sjá um það sjálf, þ.e. að hafa stjórn á leka tiltekinnna flúoraðra gróðurhúsalofttegunda frá loftjöfnunarkerfum, sem eru sett upp í ökutækjum, og að banna frá og með tilteknum degi loftjöfnunarkerfi, sem eru hönnuð fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hærri hnatthlúnunarmátt en 150, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna umfangs og áhrifa þessarar tilskipunar, er Bandalaginu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.
- 11) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ⁽⁴⁾ eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem

kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um kröfur fyrir EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu ökutækja að því er varðar losun frá og örugga virkni loftjöfnunarkerfa sem eru sett upp í ökutækjum. Í henni er einnig mælt fyrir um ákvæði um setningu endurbótarhluta í slík kerfi og enduráfillingu þeirra.

2. gr.

Gildissvið

Þessi tilskipun gildir um vélknúin ökutæki í flokkum M₁ og N₁, eins og skilgreint er í II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE. Að því er varðar þessa tilskipun takmarkast ökutæki í flokki N₁ við þau sem eru í I. undirflokki, eins og lýst er í fyrstu töflunni í lið 5.3.1.4 í I. viðauka við tilskipun ráðsins 70/220/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum ⁽⁵⁾, eins og henni var bætt við með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/69/EB ⁽⁶⁾.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „ökutæki“: öll vélknúin ökutæki sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar,
- „gerð ökutækis“: gerð, eins og skilgreint er í B-hluta II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE,
- „loftjöfnunarkerfi“: öll kerfi sem hafa þann megintilgang að lækka lofthita og minnka raka í farþegarými ökutækis,
- „tvöfalt eimingarkerfi“: kerfi þar sem einum eimi er komið fyrir í vélarymi og hinum í öðru rými ökutækisins; öll önnur kerfi skulu teljast „einföld eimingarkerfi“,
- „flúoraðar gróðurhúsalofttegundir“: vetnisflúorókölefnir (HFC), perflúorókölefnir (PFC) og brennisteinhexaflúoríð (SF₆), eins og um getur í viðauka A við Kýótóbókunina, og efnablöndur, sem innihalda þessi efni, en að undanskildum efnem sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu ⁽⁷⁾,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/28/EB (Stjtið. ESB L 65, 7.3.2006, bls. 27).

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 76, 6.4.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/76/EB (Stjtið. ESB L 206, 15.8.2003, bls. 29).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2006 (Stjtið. ESB L 6, 11.1.2006, bls. 27).

6. „vetnisflúorókolefni“: lífrænt efnasamband úr kolefni, vetni og flúor, þar sem sameindin er úr sex kolefnisfrumeindum eða færri,
7. „perflúorókolefni“: lífrænt efnasamband, eingöngu úr kolefni og flúor, þar sem sameindin er úr sex kolefnisfrumeindum eða færri,
8. „hnatthlúnunarmáttur“: geta flúoraðrar gróðurhúsalofttegundar til að valda loftslagshlúnun miðað við samsvarandi getu koltvísýrings. Hnatthlúnunarmátturinn (HHM (GWP)) er reiknaður sem hlúnunarmáttur eins kílógramms af tiltekinni lofttegund í 100 ár sem hlutfall af hlúnunarmætti eins kílógramms af CO₂. Viðeigandi gildi fyrir hnatthlúnunarmáttinn eru birt í þriðju matsskýrslunni sem milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar (IPCC) samþykkti (HHM-gildi frá milliríkjanefndinni um loftslagsbreytingar 2001) ⁽¹⁾,
9. „efnablanda“: blanda úr tveimur eða fleiri efnum þar sem a.m.k. eitt þeirra er flúoruð gróðurhúsalofttegund; heildarhnatthlúnunarmáttur (?) efnablöndunnar skal ákvarðaður í samræmi við 2. hluta viðaukans,
10. „ísetning endurbótarhlutar“: uppsetning loftjöfnunarkerfis í ökutæki eftir að það hefur verið skráð.

4. gr.

Skyldur aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á, einungis veita ökutækjagerðum, sem uppfylla kröfur þessarar tilskipunar, EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu með tilliti til losunar frá loftjöfnunarkerfum.
2. Þegar um er að ræða EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki í heild, skv. a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE, skulu aðildarríki tryggja að framleiðendur leggi fram upplýsingar um þá tegund kælimiðils sem er notuð í loftjöfnunarkerfi sem eru sett upp í nýjum vélknúnum ökutækjum.
3. Að því er varðar gerðarviðurkenningu ökutækja sem eru útbúið með loftjöfnunarkerfi, sem eru hönnuð fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hærri hnatthlúnunarmátt en 150, skulu aðildarríkin tryggja, í samræmi við samræmdu lekaþreiningarprófunina sem um getur í 1. mgr. 7. gr., að lekaþreði slíkra lofttegunda fari ekki yfir leyfilega hámarkið sem mælt er fyrir um í 5. gr.

⁽¹⁾ Þriðja matsskýrsla milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar frá 2001. Skýrsla milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (<http://www.ipcc.ch/pub/reports.htm>).

⁽²⁾ Við útreikning á hnatthlúnunarmætti lofttegunda, sem ekki eru flúoraðar, í efnablöndum skulu gildin í fyrstu matsskýrslu milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar notuð, sjá: Climate Change, The IPCC Scientific Assessment J.T Houghton, G.J.Jenkins, J.J. Ephraums (ed.) Cambridge University Press, Cambridge (UK) 1990.

5. gr.

Gerðarviðurkenning

1. Frá og með sex mánuðum frá samþykkt samræmdrar lekaþreiningarprófunar er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum sem varðar losun frá loftjöfnunarkerfum, að:

- a) synja um EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir nýja gerð ökutækis eða
- b) banna að ný ökutæki séu skráð, seld eða tekin í notkun,

ef ökutækið, sem er útbúið með loftjöfnunarkerfi sem er hannað fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hærri hnatthlúnunarmátt en 150, uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar.

2. Frá og með 12 mánuðum frá samþykkt samræmdrar lekaþreiningarprófunar eða 1. janúar 2007, hvort sem ber upp síðar, er aðildarríkjum ekki lengur heimilt að veita EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis, sem er útbúið með loftjöfnunarkerfi sem er hannað fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hærri hnatthlúnunarmátt en 150, að því tilskildu að lekaþreði frá því kerfi fari ekki yfir 40 grömm af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum á ári í einföldu eimingarkerfi eða yfir 60 grömm af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum á ári í tvöföldu eimingarkerfi.

3. Frá og með 24 mánuðum frá samþykkt samræmdrar lekaþreiningarprófunar eða 1. janúar 2008, hvort heldur sem ber upp síðar, skulu aðildarríki, að því er varðar ný ökutæki sem eru útbúið með loftjöfnunarkerfum sem eru hönnuð fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hærri hnatthlúnunarmátt en 150, að því tilskildu að lekaþreði frá því kerfi fari ekki yfir 40 grömm af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum á ári í einföldu eimingarkerfi eða yfir 60 grömm af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum á ári í tvöföldu eimingarkerfi:

- a) líta svo á að samræmisvottorð gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. í tilskipun 70/156/EBE og
- b) banna að slík ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun.

4. Frá og með 1. janúar 2011 er aðildarríkjum ekki lengur heimilt að veita EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis sem er útbúið með loftjöfnunarkerfi sem er hannað fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hærri hnatthlúnunarmátt en 150.

5. Frá og með 1. janúar 2017 skulu aðildarríki, að því er varðar ný ökutæki sem eru útbúin með loftjöfnunarkerfi sem eru hönnuð fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hærri hnatthlúnunarmátt en 150:

a) líta svo á að samræmisvottorð gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. í tilskipun 70/156/EBE og

b) banna að slík ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun.

6. Með fyrirvara um viðeigandi lög Bandalagsins, einkum reglur Bandalagsins um ríkisadstoð og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ⁽¹⁾, geta aðildarríki stuðlað að uppsetningu loftjöfnunarkerfa sem eru skilvirk, nýstárleg og draga enn frekar úr loftslagsáhrifum.

6. gr.

Ísetning endurbótarhlutar og áfylling

1. Frá og með 1. janúar 2011 skulu loftjöfnunarkerfi, sem eru hönnuð fyrir flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hærri hnatthlúnunarmátt en 150, ekki sett sem endurbótarhlutir í ökutæki sem eru gerðarviðurkennd frá og með þeim degi. Frá og með 1. janúar 2017 skulu slík loftjöfnunarkerfi ekki sett sem endurbótarhlutir í nein ökutæki.

2. Ekki skal fylla á loftjöfnunarkerfi, sem eru sett upp í ökutækjum sem eru gerðarviðurkennd 1. janúar 2011 eða síðar, með flúoruðum gróðurhúsalofttegundum með hærri hnatthlúnunarmátt en 150. Frá og með 1. janúar 2017 skal ekki fylla á loftjöfnunarkerfi í neinum ökutækjum með flúoruðum gróðurhúsalofttegundum með hærri hnatthlúnunarmátt en 150, að undanskilinni enduráfyllingu loftjöfnunarkerfa með þessum lofttegundum, sem voru sett upp í ökutækjum fyrir þann dag.

3. Þjónustuveitendur sem bjóða upp á þjónustu við og viðgerð loftjöfnunarkerfa skulu ekki fylla á slíkan búnað með flúoruðum gróðurhúsalofttegundum ef óeðlilegt magn kælimiðils hefur lekið úr kerfinu, fyrr en nauðsynlegum viðgerðum er lokið.

7. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Eigi síðar en 4. júlí 2007 skal framkvæmdastjórnin samþykkja ráðstafanir til að framkvæma 4. og 5. gr., einkum að því er varðar:

a) stjórnsluákvæði vegna EB-gerðarviðurkenningar ökutækja og

b) samræmda lekaþreiningarprófun til að mæla lekahraða flúoraðra gróðurhúsalofttegunda með hærri hnatthlúnunarmátt en 150, frá loftjöfnunarkerfum.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 13. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta þessar ráðstafanir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. Málsmeðferðin, sem um getur í 2. mgr., skal gilda, eftir því sem við á, um samþykkt:

a) ráðstafana sem þörf er á til að tryggja örugga virkni og viðeigandi þjónustu í tengslum við kælimiðla í færanlegum loftjöfnunarkerfum,

b) ráðstafana í tengslum við ísetningu loftjöfnunarkerfa sem endurbótarhluta í ökutæki, sem þegar hafa verið tekin í notkun, og enduráfyllingu loftjöfnunarkerfa, sem þegar hafa verið tekin í notkun, að því tilskildu að þau falli ekki undir 6. gr.,

c) aðlögunar á aðferðinni við að ákvarða viðeigandi hnatthlúnunarmátt efnablandna.

8. gr.

Endurskoðun

1. Á grundvelli framfara, sem miða að því að hamla losun á eða að skipta út flúoruðum gróðurhúsalofttegundum í loftjöfnunarkerfum sem sett eru upp í vélknúnum ökutækjum, skal framkvæmdastjórnin skoða hvort:

— vikka ætti gildissvið núverandi löggjafar svo það taki til annarra flokka ökutækja, einkum flokka M₂ og M₃, auk II. og III. undirflokks í flokki N₁ og

— breyta skuli ákvæðum Bandalagsins um hnatthlúnunarmátt flúoraðra gróðurhúsalofttegunda; allar breytingar ættu að taka mið af þróun á sviði tækni og vísinda og þeirrar nauðsynjar að virða tímamörk áætlana á sviði iðnaðarframleiðslu,

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

og birta skýrslu eigi síðar en 4. júlí 2011. Ef nauðsyn krefur skal hún leggja fram viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf.

2. Ef í næstu skýrslu milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar er að finna flúoraða gróðurhúsalofttegund með hærri hnatthlúnunarmátt en 150, sem skýrsla milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar, sem um getur í 8. mgr. 3. gr., tekur ekki enn til, skal framkvæmdastjórnin meta hvort viðeigandi sé að breyta þessari tilskipun svo hún taki til þeirrar lofttegundar. Telji framkvæmdastjórnin það nauðsynlegt skal hún í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 13. gr. tilskipunar 70/156/EBE:

— samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir og

— skilgreina umbreytingartímabil fyrir beitingu þessara ráðstafana. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin koma á jafnvægi milli nauðsynjar þess að setja viðeigandi framkvæmdarfrest og þeirrar áhættu sem flúoruð gróðurhúsalofttegund skapar fyrir umhverfið.

9. gr.

Breytingar á tilskipun 70/156/EBE

Tilskipun 70/156/EBE er hér með breytt í samræmi við 1. hluta viðaukans við þessa tilskipun.

10. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 4. janúar 2008.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 5. janúar 2008.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

12. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 17. maí 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

H. WINKLER

forseti.

VIÐAUKI

1. HLUÐI

Tilskipun 70/156/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í I. hluta IV. viðauka er nýjum lið nr. 61 og neðanmálgrein bætt við sem hér segir:

Efni	Nr. tilskipunar	Tilvísun í Stjórnartíðindin	Notkunarvið										
			M ₁	M ₂	M ₃	N ₁	N ₂	N ₃	O ₁	O ₂	O ₃	O ₄	
„61. Loftjöfnunarkerfi	(2006/40/EB)	L 161, 14.6.2006, bls. 12	X			X ⁽⁸⁾							

(8) Aðeins fyrir ökutæki í flokki N₁, I. undirflokki, eins og lýst er í fyrstu töflu í lið 5.3.1.4 í I. viðauka við tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var bætt við með tilskipun 98/69/EB.“

2. Ákvæðum XI. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Í 1. viðbæti a er nýjum lið nr. 61 bætt við sem hér segir:

Liður	Efni	Nr. tilskipunar	M ₁ ≤ 2 500 (¹) kg	M ₁ > 2 500 (¹) kg	M ₂	M ₃
„61	Loftjöfnunarkerfi	2006/40/EB	X	X ^{cc}		

- b) Í 2. viðbæti a er nýjum lið nr. 61 bætt við sem hér segir:

Liður	Efni	Nr. tilskipunar	M ₁	M ₂	M ₃	N ₁	N ₂	N ₃	O ₁	O ₂	O ₃	O ₄
„61	Loftjöfnunarkerfi	2006/40/EB	X			W ^{cc}						

- c) Í 3. viðbæti a er nýjum lið nr. 61 bætt við sem hér segir:

Liður	Efni	Nr. tilskipunar	M ₂	M ₃	N ₁	N ₂	N ₃	O ₁	O ₂	O ₃	O ₄
„61	Loftjöfnunarkerfi	2006/40/EB			W ^{cc}						

- d) Undir yfirskriftinni „Merking bókstafa“ er eftirfarandi bókstaf bætt við:

„W Aðeins fyrir ökutæki í flokki N₁, I. undirflokki, eins og lýst er í fyrstu töflu í lið 5.3.1.4 í I. viðauka við tilskipun 70/220/EBE, eins og henni var bætt við með tilskipun 98/69/EB.“

2. HLUTI

Aðferð við að reikna út hnatthlúnunarmátt (HHM) efnablöndu

Heildarhnatthlúnunarmáttur efnablöndu er vegið meðaltal, fengið með því að leggja saman þyngdarhlutfall einstakra efna og margfalda með hnatthlúnunarstuðli þeirra (HHM-stuðli).

$$\Sigma (\text{efni } X\% \times \text{HHM}) + (\text{efni } Y\% \times \text{HHM}) + \dots (\text{efni } N\% \times \text{HHM})$$

þar sem % er þyngdarhlutdeildin með þyngdarvirkmörkunum $\pm 1\%$.

Dæmi: notum formúluna til að reikna út ímyndaða blöndu lofttegunda sem er 23% HFC-32; 25% HFC-125 og 52% HFC-134a,

$$\Sigma (23\% \times 550) + (25\% \times 3400) + (52\% \times 1300)$$

→ Heildarhnatthlúnunarstuðull = 1652,5.
